

Byggðasaga Skagafjarðar

- Einstök
ritröð í
íslenskri
útgáfusögu

„Hver einn
bær á sína
sögu, sigurljóð
og
raunabögu“,
kvað skáldið
Matthías
Jochumsson í
óði sínum um
Skagafjörð.
Þetta má til
sanns vegar
færa og á
raunar við um
allar byggðir
landsins.



Knappstaðir í Stíflu.

Skagfirðingar hafa í gegnum tíðina borið gæfu til að hafa á að skipa metnaðarfullu fólki sem hefur lagt sig fram við að skrásetja og varðveita sögu héraðsins. Þetta á jafnt við um fyrri aldir sem seinni tíma en þó efldist starfið til muna eftir að Sögufélag Skagfirðinga, elsta héraðssögufélag landsins, var stofnað árið 1937. Félagið hefur starfað óslitið í rúm 80 ár og gefið út hartnær 100 rit um sögu Skagafjarðar, m.a. Skagfirskar æviskrár, Skagfirðingabók o.fl. rit. Á árunum 1949-1958 gaf Sögufélagið út ritverkið Jarða- og búendatal í Skagafirði 1781-1958. Þetta var brautryðjandaverk og einstakt í sinni röð. Enn hefur ekki verið gefið út í heilli sýslu ábúendatal sem nær svo langt aftur, en tímasetningin var miðuð við elstu manntalsbækur úr Skagafirði og verður ekki aftar komist með samfelld ábúendatal. Með útgáfu Skagfirskra æviskráa, sem hófst 1962, var ætlunin að með tímanum yrðu einnig til æviskrár um alla þá sem voru í búendatalinu.

Árið 1994 var í Héraðsráði Skagfirðinga fyrst hreyft við þeirri hugmynd að hefja ritun Byggðasögu Skagafjarðar sem einkonar framhaldsritun hins gamla Jarða- og búendatals. Með verkinu yrði enn bætt við skagfirska byggðasögurritun og fyllt upp í eyður en nú skyldi lögð áhersla á sögu sjálfra býlanna þannig að til yrði einkonar „æviskrá“ allra jarða í Skagafirði. Þann 23. maí 1995 var svo skrifað undir stofnsamning um ritverkið og voru stofnaðilar Héraðsnefnd Skagfirðinga, Kaupfélag Skagfirðinga, Búnaðarsamband Skagfirðinga og Sögufélag Skagfirðinga.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga í Skagafirði tóku síðar Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur við hlutverki Héraðsnefndar Skagfirðinga.

Útgáfan hófst með fyrsta bindi árið 1999 en í nóvember 2017 kom út áttunda bindið. Upphaflega áttu bindin að vera sjö talsins en nú stefnir í að ritsafnið verði samtals tíu bindi og standa vonir til að útgáfunni ljúki árið 2021. Verkið deilist niður eftir hinum gömlu sveitarfélögum Skagafjarðar, eftir atvikum 1-2 sveitarfélög í hverju bindi. **Brú á Fljótaá.**



Bækurnar kynna sig best sjálfar. Byggðasaga Skagafjarðar er eitt viðamesta og metnaðarfyllsta verkefni í bókaútgáfu sem unnið er að á Íslandi um þessar mundir. Á því leikur enginn vafi. Þegar flett er í gegnum bækurnar má sjá á hverri síðu hversu ómæld vinna liggur að baki verkinu.

Í texta og myndmáli er fjallað um hverja einustu bújörð í Skagafirði sem í ábúð hefur verið einhvern tíma á bilinu frá 1780 til dagsins í dag en þær munu nálægt 660 talsins. Auk þess er veruleg umfjöllun um hvert sveitarfélag. Verkið er áætlað um 4500 blaðsíður í stóru broti en ljósmyndir og kort má áætla 5000-6000 samtals.

Gefin er lýsing á hverri einstakri bújörð, getið bygginga og birt tafla yfir fólk og áhöfn á tímabilinu 1703-2020, yfirlit um eignarhald og söguleg umfjöllun, allt frá því jörðin kemur fyrst við heimildir. Lýst er öllum formbýlum og seljum sem tengjast einstökum jörðum og gefið upp GPS stöðuhnit þeirra. Ábúendatal fylgir hverri jörð frá 1781 til útgáfuárs hverrar bókar.



Illviðrishnúkar.

Drjúgur hluti verksins er áhugavert innskotsefni sem tengist jörðunum: þjóðsögur, vísur eða frásagnir af fólki og atburðum

Rík áhersla er lögð á myndefni og meginhluti þess prentaður í litum, litmynd af hverri jörð eins og hún lítur út um þessar mundir, myndir af núverandi ábúendum, auk nýrra mynda og gamalla er sýna atvinnuhætti, örnefni eða gamlar byggingar svo sem gömlu bæina. Í lokabindi verksins eiga að koma ítarlegar skrár manna- og staðanafna, sem verða lykilar að verkinu.

Heimilda er víða aflað og hefur verið farið gegnum tugþúsundir blaðsíðna í prentuðum bókum, tímaritum, prentuðum og óprentuðum handritum, auk þess sem hver einasta jörð hefur verið heimsótt oft en einu sinni, rætt við ábúendur, brottflutta og aðra kunnuga. Þá hefur verið gengið um jarðir og óbyggðir til að rannsaka tóftir, eyðibýli og sel. Samstarf hefur verið við fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðinga um að rannsaka, teikna upp og aldursgreina fornþýli. Þá hafa sérstök kort verið unnin fyrir verkið, teikningar gerðar og málverk máluð. Metnaðurinn hefur borið verkið gríðarlega langt en án gríðarlegrar vinnu ritstjóra og starfsmanna verksins og ómetanlegs sjálfboðaliðastarfs vandaðra fræðimanna væri það mun skemmra á veg komið.

Byggðasaga Skagafjarðar er yfirgripsmikið verk um allar bújarðir í Skagafirði og einstætt uppflettirit sem ekki á neinn sinn líka á Íslandi. Ritstjóri og aðalhöfundur Byggðasögu Skagafjarðar hefur frá upphafi verið Hjalti Pálsson. Hjalti var sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu árið 2010 fyrir framlag til héraðssögu, fræða og menningar. Með honum hefur unnið Kári Gunnarsson frá árinu 2007 en þar áður Egill Bjarnason, sem hóf verkið með ritstjóra árið 1996.



Stíflufjöll.

Þá má nefna að Byggðasaga Skagafjarðar var tilnefnd til verðlauna Hagþenkis, félags höfunda fræðiriti og kennslugagna, sem besta fræðiritið árið 2007. Í umsögn dómnefndar kom fram að í Byggðasögu Skagafjarðar fléttist saman í nútíð og fortíð land og saga, alþýðufróðleikur og vönduð sagnfræði í yfirgripsmikilli byggðasögu.

Umfjöllunarefni hvers bindis Byggðasögu Skagafjarðar og útgáfuár:

1. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur 1999
2. Staðahreppur – Seyluhreppur 2001
3. Lýtingsstaðahreppur 2004
4. Akrahreppur 2007
5. Rípurhreppur – Viðvíkurhreppur 2010
6. Hólahreppur 2011
7. Hofshreppur 2014
8. Fellshreppur - Haganeshreppur- 2017
9. Holtshreppur 2019 (áætlun)
10. Hofsóshreppur, ásamt heildarnafnaskrá 2021 (áætlun)

